

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2016

2017/EES/66/11

frá 18. mars 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1139 frá 13. júlí 2015 um breytingu á tilskipun 2012/9/ESB að því er varðar dagsetningu lögleiðingar hennar og lokadag umbreytingartímabilsins ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið 3. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB) í XXV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32015 L 1139:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1139 frá 13. júlí 2015 (Stjtið. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 15).

Ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/1139 skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. mgr. 1. gr. koma orðin „gildistökudag síðustu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB“ í stað orðanna „20. maí 2016“, að því er varðar EFTA-ríkin.

Í 2. mgr. 1. gr. koma orðin „þar til einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB“ í stað orðanna „20. maí 2017“, að því er varðar EFTA-ríkin.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/1139, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 185, 14.7.2015, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.